SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1129 og grein 3 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2019/979.

Inngangur með varnaðarorðum

Samantektin skal lesin sem inngangur að lýsingu SIV Credit Fund slhf. (hér eftir „**SIV Credit Fund**“, „**útgefandinn**“, „**félagið**“ eða „**sjóður**“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 17. október 2025 (hér eftir „**lýsing**“). Samantektin er í fjórum hlutum a) inngangur með varnaðarorðum b) lykilupplýsingar um útgefandann c) lykilupplýsingar um verðbréfin og d) lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestir skal taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum SIV Credit Fund á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfum útgefanda. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.
Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans var ráðin af útgefanda til þess að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegan markað og fékk Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda. Samskiptaupplýsingar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, Íslandi, eru eftirfarandi; Símanúmer: 410 4000, tölvupóstfang: landsbankinn@landsbankinn.is og LEI númer: 549300TLZPT6JELDWM92.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaárekstra umsjónaraðila við SIV Credit Fund. Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttaábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi verðbréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku skuldabréfa SIV Credit Fund til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti/viðskiptaheiti	SIV Credit Fund slhf.
Lögheimili	Ármúla 3, 108 Reykjavík, Ísland.
Heiti	SCF 24 1
ISIN kóði	IS0000036093
LEI númer	6488V0H4JJWR501Q6418
Vefsíða	https:// https://iv.is/siv-credit-fund/
Símanúmer	+354 460-4700
Ábyrgðaraðili	SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúla 3, 108 Reykjavík
Rekstraraðili	Íslensk verðbréf hf., kt: 491001-2080, Ármúla 3, 108 Reykjavík
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsingin dagsett	17. október 2025

Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

SIV Credit Fund er samlagshlutafélag samkvæmt XX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995. Engin sérlög gilda um starfsemi félagsins. Starfsemi SIV Credit Fund felst í fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins og umsjón með eignum sjóðsins og skuldum. Félagið er fjárfestingarfélag sem rekið er af Íslenskum verðbréfum hf. Ábyrgðaraðili SIV Credit Fund er SCF GP ehf., sem er í fullri eigu Íslenskra verðbréfa. SCF GP ehf., gegnir einnig hlutverki stjórnar útgefanda. Til að fjármagna starfsemi sína gaf SIV Credit Fund, kt. 691123-1700, m.a. út skuldabréfaflokkinn SCF 24 1. Lögheimili félagsins er Ármúli 3, 108 Reykjavík.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu félagsins sem var undirrituð 12. október 2023 er meginmarkmiðið að fjárfesta í skuldabréfum, lánum og öðrum skuldaviðurkenningum fyrirtækja og annarra aðila, sem gefið geta ávöxtun umfram ríkistryggð skuldabréf. SIV Credit Fund mun leitast við að fjárfesta í dreifðu safni þar sem líftími hverrar fjárfestingar getur verið misjafn og vextir verið ýmist fastir eða breytilegir. Til að stýra áhættu annars vegar og framfylgja fjárfestingarstefnu hins vegar hefur félagið heimild til að nota afleiður. Þessi heimild takmarkast þó við vaxtaskiptasamninga og skiptasamninga með verðbólgu. Við dagsetningu þessarar lýsingar hefur útgefandi ekki nýtt sér heimild til afleiðunotkunar.
Við dagsetningu þessara lýsingar eru þrír hluthafar með yfir 10% eignarhlut í félaginu, Birta lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsm. rík. A-deild, og Gildi lífeyrissjóður. Hluthafar félagsins eru eftirfarandi aðilar:

Hluthafi	Fjöldi hluta	Eignarhlutur (%)
Birta lífeyrissjóður - samtrygging	418.000.000	19,98%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	418.000.000	19,98%
Gildi lífeyrissjóður	418.000.000	19,98%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	200.000.000	9,56%
Festa lífeyrissjóður	150.000.000	7,17%
Vátryggingafélag Íslands hf.	180.000.000	8,60%
Almenni lífeyrissjóðurinn	100.000.000	4,78%
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 1	25.000.000	1,20%
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 2	25.000.000	1,20%
Íslenski lífeyrissj-Lífsbraut 3	25.000.000	1,20%
Íslenski lífeyrissj-samtrygging	25.000.000	1,20%
Eftirlaunasjóður FÍA	24.000.000	1,15%
Lífeyrissjóður bænda	20.000.000	0,96%
Lífeyrisauki	18.000.000	0,86%
Lífeyrisauki 3	16.000.000	0,76%
Lífeyrisauki 4	12.000.000	0,57%
Lífeyrissjóður Rangæinga	10.000.000	0,48%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	8.000.000	0,38%%
	2.092.000.000	**100,00%**

Félaginu er ekki kunnugt um að það sé undir beinum eða óbeinum yfirráðum eða stjórn einhvers eins aðila né um annað eignarhald en að framan greinir eða að því sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Þá er útgefanda ekki heldur kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytingar á yfirráðum útgefanda.

Þorkell Magnússon, sem jafnframt er forstöðumaður sjóðastýringar hjá Íslenskum verðbréfum er framkvæmdastjóri SIV Credit Fund. Félagið hefur ekki aðra starfsmenn.

Endurskoðandi útgefanda og ábyrgðaraðila vegna ársreiknings 2024 og árshlutareiknings 2025 var KPMG, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík og fyrir þeirra hönd Reynir Stefán Gylfason aðili að félagi löggiltra endurskoðenda. Kristinn Kristinsson hjá PwC var endurskoðandi vegna ársreikning 2023.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefanda

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit útgefanda.

	2025	**2024**	**2023**
í þús. ISK	**1.1-30.06**	**31.12.2024**	**19.10.-31.12**

Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins	128.986	160.779	-11.809

í þús. ISK	**2025 1.1-30.06**	**2024 31.12.2024**	**2023 19.10.-31.12**
Hrein skuld	8.486.220	6.063.341	-38.191

í þús. ISK	**2025 1.1-30.06**	**2024 31.12.2024**	**2023 19.10.-31.12**
Handbært fé (til rekstrar)	-465	87.326	376.950
Fjárfestingahreyfingar	-2.296.735	-8.085.948	0
Fjármögnunarhreyfingar	2.315.318	8.091.590	50.000

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðaðra reikningsskila útgefanda. Engar mikilvægar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 30. júní 2025 til dagsetningar lýsingar. Í samræmi við eðli starfseminnar þá er lítill sem enginn rekstur hjá útgefanda og sveiflast því virði eigna hans fyrst og fremst í takt við þróun á virði þeirra eigna sem hann á, hverju sinni.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, þar á meðal hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga, kjarasamningar og staða helstu atvinnugreina, hefur veruleg áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja í landinu. Efnahagsþróun á alþjóðavísu hefur einnig áhrif á íslenskt efnahagslíf. Fjölmargir þættir geta haft áhrif á almennar efnahagsaðstæður, og vegna smæðar hagkerfisins er Ísland oft næmara fyrir breytingum og haft þau áhrif að almennar efnahagsaðstæður sveiflist meira en í öðrum hagkerfum. Þetta getur leitt til þess að efnahagssveiflur hérlendis verði meiri en annars staðar. Umfang starfsemi SIV Credit Fund er lítið og felst einkum í því að fjárfesta í og hafa umsjón með eignum félagsins svo það standi undir skuldbindingum sínum.

Helstu vaxtaberandi eignir SIV Credit Fund eru skuldabréf og lánasamningar sem félagið hefur fjárfest í en nánari upplýsingar um eignirnar er að finna í kafla 2.5 "Helstu fjárfestingar útgefanda“ í útgefandalýsingu í útgefanda. Helstu skuldir félagsins eru verðtryggð skuldabréf útgefin af félaginu sem bera fasta vexti[1]. Verðbólga, vextir og gengisþróun íslensku krónunnar geta því haft áhrif á eignir og skuldir félagsins og virði fjárfestinga félagsins er því háð almennum efnahagsaðstæðum. Til að fjármagna fjárfestingar sínar gaf útgefandi út verðtryggt skuldabréf, í nokkrum útgáfum, að fjárhæð um 8,13 ma.kr. að nafnvirði[2]. Þegar almennar efnahagsaðstæður versna bæði innanlands og erlendis getur það haft áhrif á verðmæti eigna og skulda félagsins, getu mótaðila til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og í framhaldinu getu SIV Credit Fund til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart eigendum að skuldabréfaflokknum SCF 24 1.

Útlána- og mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta felur í sér hættuna á því að mótaðilar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða að greiðslugeta þeirra versni verulega. Hjá útgefanda stafar þessi áhætta fyrst og fremst af útlánum til þeirra mótaðila sem hann hefur fjármagnað. Mótaðilar útgefanda eru því lántakar hjá félaginu og voru þeir samtals 29 talsins þann 30. júní 2025. Ef mótaðilar útgefanda standa ekki í skilum getur það haft neikvæð áhrif á tekjur útgefanda og þar með á getu hans til að standa við greiðslur vegna skuldabréfaflokksins SCF 24 1. Slíkt getur leitt til fjárhagslegs tjóns fyrir fjárfesta í þeim skuldabréfaflokki. Greiðslugeta útgefanda er því háð greiðslugetu mótaðila. Útlánaáhætta útgefanda ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Við vanefndir mótaðila útgefanda í fjárfestingum getur komið til þess að útgefandi þurfi að ganga að veðum sínum og ef til þess kemur reynir útgefandi að hámarka virði þeirra með endursölu. Sú hætta er til staðar að mótaðilar í fjárfestingum verjist fullnustu útgefanda sem getur tafið ferlið og rýrt virði eigna með þeim afleiðingum að veðin standi ekki undir undirliggjandi skuldum og að vænt útlánatap sé vanmetið. Stjórn útgefanda þarf einnig að samþykkja sölu eigna sem og skilmálabreytingar skuldaskjala í eigu félagsins. Þrátt fyrir að félagið hafi verklag til að takmarka útlánaáhættu er sú hætta til staðar að áföll hjá mörgum mótaðilum á sama tíma, hvort sem það stafar af efnahagsþrengingum eða öðrum ástæðum, getur það leitt til þess að mótaðilar standi ekki við skuldbindingar sínar. Einnig er hætta á að gæði útlána rýrni sem getur leitt til aukinnar virðisrýrnunar og vaxandi áhættu í

[1] Skv. ársreikningi 2024 voru um 91% lánveitingar verðtryggð skuldabréf á móti um 9% óverðtryggðum skuldabréfum.

[2] Skv. ársreikningi 2024 var skuldabréfið að fjárhæð 6,10 ma.kr.

lánasafni útgefanda. Slíkar aðstæður geta haft veruleg neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu félagsins og þar með getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáráhætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddögum. Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga útgefanda er fólgin í þeim eignum sem félagið á hverju sinni og ber útgefandinn einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, eingöngu með eignum sem honum tilheyra. Tekjur af fjárfestingum verða nýttar til að standa skil á greiðslum til fjárfesta vegna skuldabréfaflokksins SCF 24 1 en gjalddagar eru tvisvar á ári. Útgefandi leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum útgefinna skuldabréfa en greiðslugeta útgefanda og þar með lausafjáráhætta er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem útgefandi fjárfestir í. Sú hætta er til staðar að útgefandi nái ekki að halda hárri stöðu lausafjár til langstíma og eigi því ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla. Lausafjáreignir útgefanda þann 31. desember 2024 voru um 2,05%[3] af heildareignum útgefanda. Leitast er við að hafa sjóðstöðu nægilega fyrir næstu vaxta- og afborgunargreiðslu án tillits til greiðsluflæðis af undirliggjandi eignum. Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki útgefanda bera ábyrgð á skuldbindingum útgefanda.

Vaxtaáhætta og verðbólguáhætta

Vaxtaáhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði félagsins. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Markmið félagsins er að skila fjárfestum í félaginu að jafnaði um 2% ávöxtun umfram löng ríkisbréf (upphaflega var miðað við RIKS 30 0701). Sú staða getur þó myndast að ávöxtun félagsins verði hærri eða lægri en markmið þess segja til um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Hætta er á að verðbólga lækki raunvirði eigna útgefanda. Útgefandi er eingöngu fjármagnaður með eigin fé og fyrrgreindum verðtryggðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Hluti fjárfestinga útgefanda ber breytilega vexti, en annar hluti fasta vexti. Eignasafn félagsins samanstendur að verulegu leyti af langtímakröfum með verðtryggðum vöxtum. Þegar vextir lækka dregst því fjármagnskostnaður útgefanda ekki saman í sama mæli og vaxtatekjur félagsins sem leiðir til minni arðsemi. Það sama á við þegar verðbólga hækkar, þá hækkar fjármagnskostnaður útgefanda án þess að samsvarandi hækkun verði á vaxtatekjum félagsins sem dregur úr arðsemi þess, sér í lagi ef verðtryggðar skuldir eru umfram verðtryggðar eignir. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur útgefanda og þar með getu þess til að standa við skuldbindingar sínar. Til að draga úr vaxta- og verðbólguáhættu mun útgefandi leitast við að dreifa áhættu og fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum eignum sem eru ýmist með fasta eða breytilega vexti. Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu til að nota afleiður til að stýra áhættu annars vegar og til þess að framfylgja fjárfestingarstefnu félagsins hins vegar. Við dagsetningu þessarar lýsingar hefur útgefandi ekki nýtt sér heimild til afleiðunotkunar. Sú hætta er til staðar að misræmi myndast í vaxta og verðbólguviðmiðum eigna og skulda sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu útgefanda.

Rekstraráhætta

Daglegur rekstur hjá útgefanda er umfangslítill, þar sem enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá útgefanda. Áhætta í rekstri útgefanda er því fyrst og fremst tengd framkvæmd á fyrirliggjandi fjárfestingarstefnu og er áhættustýring í höndum starfsfólks Íslenskra verðbréfa. Séu fjárfestingar ekki í samræmi við fjárfestingarstefnuna getur það aukið hættu á að útgefandi njóti ekki þeirrar ávöxtunar og arðsemi af fjárfestingum sínum sem til þarf að mæta greiðslum af skuldabréfum. Einnig er til staðar áhætta vegna mistaka og svika, svo sem ef mistök verða hjá rekstraraðila, við mat á fjárfestingum eða að reglum útgefanda sé ekki framfylgt, t.a.m. ófullnægjandi innri ferlar, ófullnægjandi upplýsingatækni sem getur t.d. falist í röngum upplýsingum í kerfum, eða rangri notkun kerfa og áhættu vegna útvistunar á starfsþáttum.

Áhætta tengd félagaformi

SIV Credit Fund er samlagshlutafélag og í slíkum félögum bera einn eða fleiri aðilar beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Vegna þeirra beinu og ótakmörkuðu ábyrgðar sem félagaform samlagshlutafélaga bera með sér, er um sjálfskuldarábyrgð að ræða, þar sem kröfuhafar félagsins hafa val um hvort gengið er fyrst að útgefanda eða ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðilinn, SCF GP ehf. er einkahlutafélag og felst sú áhætta í því félagaformi, fyrir aðila sem fjárfest hafa í skuldabréfum útgefnum af útgefanda, að hluthafar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem nemur hlutafjárframlagi þeirra.

[3] Reiknað á eftirfarandi hátt: (Handbært fé + lausafjársjóður) / Heildareignir.

Skattaleg áhætta

SIV Credit Fund er ekki sjálfstæður skattaðili og er hagnaður útgefanda þ.a.l. skattlagður hjá hluthöfum þess líkt og um sé að ræða hagnað af eigin starfsemi hluthafanna. Hagnaður útgefanda sætir ekki frekari skattlagningu umfram það að tekjur félagsins mynda skattstofn hjá hluthöfum. Breytingar á lögum eða reglum vegna álagningar beinna og/eða óbeinna skatta hjá lögaðilum, geta haft áhrif á útgefanda.

Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Verðbréfin sem taka skal til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. eru skuldabréf útgefin í íslenskum krónum af SIV Credit Fund með auðkennið SCF 24 1. Skuldabréfin að fjárhæð 8.135 m.kr. að nafnvirði eru gefin út í 1 kr. nafnverðseiningum og rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. ISIN númer skuldabréfanna er IS0000036093. Skuldabréfin bera 3,75% fasta vexti og eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs með grunngildi 607,30 sem er dagvísitala þann 1. mars 2024. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við vísitöluna frá grunnvísitölu til vísitölu á gjalddaga. Skuldabréfin voru gefin út 1. mars 2024. Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfanna. Fyrsti vaxtadagur skuldabréfanna var 1. mars 2024. Höfuðstóll og vextir greiðast með 26 jöfnum greiðslum (e. annuity), í fyrsta sinn þann 19. apríl 2024 og á sex mánaða fresti þar á eftir. Lokagjalddagi er 19. október 2036. Frá og með 1. mars 2029 er útgefanda heimilt að greiða útgáfuna upp hraðar eða að fullu áður en að lokagjalddaga er komið og þá á gjalddögum útgáfunnar. Útgefandi skal greiða uppgreiðslugjald af uppreiknaðri fjárhæð þeirrar afborgunar sem greidd er umfram hina samningsbundnu afborgun á viðkomandi gjalddaga. Uppgreiðslugjaldið nemur 1,0%. Allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslum skuldabréfaflokksins SCF 24 1. Í eignasafni útgefanda eru langtímakröfur, verðbréf með breytilegum tekjum og handbært fé. Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna útgefanda hafa mótaðilar veitt útgefanda veð í meðal annars fasteignum og fastafjármunum. Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokkinum eru ávallt jafnréttháar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. kröfur vegna skuldabréfanna njóta sömu rétthæðar og almennar kröfur á hendur útgefanda komi til gjaldþrotaskipta. Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga og útgefandi ekki gripið til ráðstafana til þess að efna skuldbindingar sínar, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7 gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfaraheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Heimild er til gjaldfellingar ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Stjórn SIV Credit Fund mun óska eftir því að öll útgefin skuldabréf í flokknum SCF 24 1 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað hluta eða öllu því fjármagni sem þeir hafa lagt í slík verðbréf. Skuldabréf bera markaðsáhættu, sem felst í því að verðmæti þeirra getur sveiflast í takt við breytingar á ávöxtunarkröfu á mörkuðum. Hækkar ávöxtunarkrafan, lækkar markaðsverð skuldabréfa, en lækkar ávöxtunarkrafan, hækkar markaðsverð þeirra. Ýmsir ytri þættir geta haft áhrif á verð skuldabréfa, svo sem efnahagsástand, lagabreytingar á fjármálamörkuðum og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru að hluta háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld móta á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði geta skapað óvissu og leitt til verðbreytinga á fjármálagerningum, þar með talið skuldabréfum. Auk markaðsáhættu felur

fjárfesting í skuldabréfum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur. Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldabréfum sem tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndartilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Lausafjáráhætta

Lausafjárháhætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddögum. Áhætta fjárfesta vegna lausafjárvanda útgefanda endurspeglast í getu útgefanda til að standa skil á skuldbindingum sínum vegna skuldabréfanna. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandinn sig til að greiða þau á gjalddaga. Allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu skuldabréfsins. Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum á gjalddaga. Útgefandi fjármagnar skuldbindingar sínar vegna skuldabréfanna með tekjum og/eða arði af eignum sínum, sem eru fjárfestingar í skuldabréfum, lánum og öðrum skuldarviðurkenningum fyrirtækja og annarra aðila. Rekstraraðili útgefanda er skaðlaus af útgáfu skuldabréfanna, ber ekki ábyrgð á greiðslum vegna skuldabréfanna og er hvorki skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfunum. Útgefandi ber því einn ábyrgð á skuldbindingum sínum og eignum útgefanda er ætlað að standa undir greiðslu skuldbindinga útgefanda. Greiðslugeta útgefanda er þar með lausafjáráhætta og er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem útgefandi fjárfestir í. Ef tekjur af eignum útgefanda verða minni eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum. Hafi greiðsla af skuldabréfinu ekki verið innt af hendi innan 30 daga frá gjalddaga er um vanefnd að ræða samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Ef útgefandi vill breyta skilmálum skuldabréfaflokksins þarf hann að boða til fundar skuldabréfaeigenda og fá samþykki 66,67% eigenda útgefinna skuldabréfa miðað við fjárhæð.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er m.a. sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Standa mótaðilar útgefanda, sem jafnframt eru lántakar, hins vegar ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur hans og þar með getu til að standa skil á greiðslum til fjárfesta skv. skilmálum skuldabréfanna, enda er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Til tryggingar endurgreiðslna langtímakrafna útgefanda hafa mótaðilar veitt útgefanda veð í meðal annars fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum. Ekki er hægt að útiloka að mótaðilar útgefanda standi ekki við gerða samninga. Við vanefndir mótaðila útgefanda í fjárfestingum getur komið til þess að útgefandi þurfi að ganga að veðum sínum og ef til þess kemur reynir útgefandi að hámarka virði þeirra með endursölu. Sú hætta er til staðar að mótaðilar í fjárfestingum verjist fullnustu útgefanda sem getur tafið ferlið og rýrt virði eigna með þeim afleiðingum að veðin standi ekki undir undirliggjandi skuldum og að vænt útlánatap sé vanmetið. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum skuldabréfanna og valdið fjárfestum skuldabréfaflokksins SCF 24 1 fjárhagslegu tjóni.

Umfram og uppgreiðsluáhætta

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins SCF 24 1 er útgefanda heimilt frá og með 1. mars 2029 að greiða skuldabréfaflokkinn upp að hluta eða í heild fyrir lokagjalddaga og þá á reglulegum gjalddögum. Við slíka uppgreiðslu ber útgefanda að greiða sérstakt uppgreiðslugjald, sem nemur 1,0% af þeirri fjárhæð sem greidd er umfram samningsbundna afborgun á viðkomandi gjalddaga. Vegna heimildar til fyrirframgreiðslu eða uppgreiðslu þurfa fjárfestar að gera ráð fyrir því að greiðsluflæði skuldabréfanna eftir 1. mars 2029 geti breyst, og að skuldabréfin kunni að verða greidd upp að hluta eða í heild áður en kemur að lokagjalddaga. Komi til þess að útgefandi nýti sér heimild til uppgreiðslu, er sú hætta til staða að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiddri fjárhæð á sambærilegum kjörum á markaði. Slík staða getur valdið fjárhagslegu tjóni fyrir eigendur skuldabréfanna.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerningum sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði útgefanda. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Sú staða getur þó myndast að ávöxtun verði hærri eða lægri en markmið þess segja til

um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lánstími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta, að öðru óbreyttu. Fjárfestar sem kaupa skuldabréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greitt sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri. Breytingar á markaðsaðstæðum hverju sinni hefur því meiri áhrif á skuldabréfin, en á styttri, óverðtryggð skuldabréf á föstum vöxtum.

Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að ekki reynist mögulegt að selja skuldabréfin á þeim tíma og/eða í því magni eða á því verði sem fjárfestar vilja. Komi upp sú staða í kjölfar uppgreiðslu mótaðila að vægi einstaka mótaðila verði verulegt eða yfir 20% af heildareignum eða ef að mótaðilar verða fimm eða færri, þá verða skuldabréf félagins í skuldabréfaflokknum SCF 24 1 afskráð. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk sem veldur því að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja.

Áhætta við gjaldþrot

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Útgefandi getur þó haldið uppi eðlilegum vörnum ef krafa á sér ekki eðlileg rök. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna fela skuldabréfin ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda hverju sinni standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Kröfur skuldabréfaeiganda samkvæmt SCF 24 1 eru jafn rétthár (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi

Sótt verður um töku skuldabréfaflokksins SCF 24 1 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Útgefin og seld skuldabréf í flokknum eru að fjárhæð um 8.135 m.kr. að nafnverði. Kauphöllin mun tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta og hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin á Aðalmarkaði verður. Tilkynning Kauphallar verður gerð með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa með auðkenni SCF 24 1 til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hjá Nasdaq Iceland. Uppreiknað söluandvirði skuldabréfanna er um 8.368 m.kr. og rann söluandvirðið óskipt til útgefanda og var ráðstafað í fjárfestingar í samræmi fjárfestingastefnu útgefanda og rekstur. Áætlaður heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er um 9,2 m.kr. og greiðist af félaginu.

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Íslenskra verðbréfa, SCF GP ehf. sem ábyrgðaraðila og Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „**Landsbankinn**“) vegna töku skuldabréfa SIV Credit Fund slhf. til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Rekstrarsamningur er í gildi á milli útgefanda, ábyrgðaraðila útgefanda og Íslenskra verðbréfa um rekstur og m.a. greiningu fjárfestinga. Fyrir það greiðir útgefandi Íslenskum verðbréfum þóknun. Framkvæmdastjóri útgefanda og stjórnarformaður ábyrgðaraðila eru starfsmenn Íslenskra verðbréfa. Starfsmenn T Plús sjá um bókhald og innheimtu fyrir sjóði í rekstri Íslenskra verðbréfa hf. Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Landsbankanum þóknun.